

STJÓRNLÖG UNGA FÓLKSINS



STJÓRNLÖG UNGA FÓLKSINS

Niðurstöður þings ungmennaráða
um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Ritstjórn skýrslu: Salka Guðmundsdóttir

Hönnun og uppsetning: Bjarney Hinriksdóttir

Verkefnastjórn og hugmyndavinna:

F.h. UNICEF: Bergsteinn Jónsson

F.h. umboðsmanns barna: Elísabet Gísladóttir

F.h. Reykjavíkurborgar: Arnfríður Sólrún (Adda Rúna) Valdimarsdóttir

Aðstandendur verkefnis eru **UNICEF á Íslandi,**
umboðsmaður barna og **Reykjavíkurborg**

Útgáfa skýrslunnar er styrkt af **forsætisráðuneytinu**



EFNISYFIRLIT



INNGANGUR	2
STJÓRNLÖG UNGA FÓLKSINS	3
Um verkefnið	4
Fræðsla	4
Þátttaka	5
Úrvinnsla	5
FRAMKVÆMD UNGMENNAPINGSINS	6
Þátttakendur	6
Ungmennapingið 16. apríl	7
NIÐURSTÖÐUR ÞINGS UNGMENNARÁÐA	9
Hvað er stjórnarskrá?	9
Forseti Íslands	10
Löggjafarvald og framkvæmdavald	12
Dómsvald	15
Kosningar og lýðræði	17
Mannréttindi	21
Aðrar umræður	24
Þakkir	26

INNGANGUR

Samkvæmt 12. grein Barnasáttmálans eiga börn sem myndað geta eigin skoðanir rétt á að láta þær í ljós í öllum málum sem þau varða og þeim fullorðnu ber að taka réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Þetta virðist oft gleymast, þar sem við sem höfum kosningarétt fáum reglulega tækifæri til þess að láta í okkur heyra. Þing ungmennaráða sem haldið var 16. apríl síðastliðinn sem hluti af verkefninu Stjórnög unga fólksins var vettvangur fyrir ungt fólk til að gera meira en einungis sitja hjá og fylgjast með. Þar fengu ungmenni tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í samfélagi þar sem þau taka virkan þátt.

Að fá að fylgjast með ungu fólki ræða stjórnarskrána, sem er mjög flókið viðfangsefni, var afar merkilegt. Við komumst í kynni við virkilega skýra hugsun, hugsanir sem eiga algjörlega rétt á sér, og oft fannst manni ótrúlegt að þessar hugsanir væru ekki nú þegar orðnar að veruleika. Eftir að hafa tekið þátt í þessum merkisdegi í Iðnó og aðstoðað við þennan tímamótaviðburð erum við fullvissar um að framtíðin er björt því fyrir henni fer afskaplega frambærilegur flokkur ungmenna. Þessi ungmenni gátu sest niður saman og þrátt fyrir ósætti, umræður og rökræður komust þau alltaf að málefnalegri niðurstöðu sem þau skiluðu af sér sem ein heild í lok dags.

Rækta þarf hæfileika þessara ungmenna og sýna þeim fram á hvað þau geta lagt af mörkum. Það er einmitt þess vegna sem efla þarf lýðræðislegt uppeldi barna og gera starfsemi ungmennaráða hærra undir höfði. Þar fá hæfileikarík ungmenni með sterkar skoðanir tækifæri til þess að hafa áhrif, tala máli jafnaldra sinna og öðlast um leið dýrmæta reynslu fyrir lífstíð. Það að fá að vinna með hópi jafningja undir styrkri leiðsögn eflir samfélagsvitund ungmenna og hvetur þau vonandi til þess að líta í kringum sig og hafa áhrif.


„We are the children.“

(úr texta lagsins We are the world eftir Michael Jackson og Lionel Ritchie)

Áslaug Ellen G Yngvadóttir

Halla Sif Svansdóttir

Fulltrúar í ungmennaráði Unicef, borðstjórar á þingi ungmennaráða í Iðnó



STJÓRN LÖG UNGA FÓLKSINS

UNICEF á Íslandi, umboðsmaður barna og Reykjavíkurborg standa að samstarfsverkefni Stjórn lög unga fólksins. Verkefnið miðar að því að tryggja að skoðanir barna og ungmenna fái að heyrast og séu teknar til greina við endurskoðunarferli stjórnarskrárinnar. Endurskoðun stjórnarskrárinnar er tímamóttagjörningur sem getur haft víðtæk áhrif á uppbyggingu íslensks samfélags til framtíðar; því er mikilvægt að leitað sé eftir skoðunum ungmenna og þau fái að taka virkan þátt í ferli sem snertir okkur öll.

Í 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eigi rétt á því að hafa áhrif á mál sem þau varða. Taka skuli tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.



UM VERKEFNIÐ

Verkefninu má í grófum dráttum skipta í þrjá meginþætti, fræðsluhluta, þáttökuhluta og úrvinnsluhluta. Þannig er reynt að nýta til fullnustu það fræðsluefni sem unnið var fyrir verkefnið, leyfa sem flestum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tryggja að þær upplýsingar sem safnast komist til skila út í samfélagið og til þeirra sem málið varðar.

Fræðsla

Framleiddar voru sex stuttar teiknimyndir um helstu þætti stjórnarskrárinnar þar sem viðfangsefnið er útskýrt í máli og skemmtilegum skýringarteikningum Þóreyjar Mjallhvítar H. Ómarsdóttur. Handrit skrifaði Úlfur Eldjárn og Christian Elgaard sá um kvikmyndatöku og eftirvinnslu, en yfirumsjón með framleiðslunni höfðu verkefnastjórar frá UNICEF, umboðsmanni barna og Reykjavíkurborg.

Myndböndin eru helst miðuð við börn á aldrinum 13 til 18 ára og er þeim sérstaklega beint að meðlimum ungmennaráða. Myndböndin er einnig hægt að nýta í kennslu um stjórnarskrána í grunn- og framhaldsskólum, en verkefnablöð með kennsluleiðbeiningum voru búin til fyrir leikskóla og öll stig grunnskóla og eru aðgengileg á heimasíðu verkefnisins. Heimasíðan, www.stjornlogungafolksins.is, er því um leið náms- og fræðslusíða um stjórnarskrá lýðveldisins. Á síðunni má auk verkefnablaða og myndbanda nálgast gagnlegt orðasafn með skýringum á hugtökum sem koma fyrir í myndböndunum. Þar er ungmennum enn fremur boðið upp á að hlaða upp eigin síðu með hugmyndum og athugasemdum varðandi stjórnarskrána.

Póstkort sem auglýsa heimasíðuna voru send á öll fimm ára leikskólabörn og nemendur í 2. og 6. bekk í grunnskólum í Reykjavík með hvatningu um að fara inn á síðuna og segja sína skoðun á stjórnarskránni. Undirtektir hjá kennurum hafa verið góðar; meðal annars hafa kennarar sett sig í samband við forsvarsmenn verkefnisins með það að augnamiði að flétta Stjórnög unga fólksins inn í námsefni haustannar. Myndböndin og kennsluleiðbeiningarnar er hægt að nýta við kennslu ýmissa greina samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, til að mynda þjóðfélagsfræði, lífsleikni, samfélagsfræði, sögu, jafnréttismál, siðfræði, heimspeki, umhverfismennt, tölvunotkun og trúarbragðafræði. Í lokadrögum að aðalnámskrá er einnig undirstrikað mikilvægi þess að börn tileinki sér samábyrgð, meðvitund og virkni í lýðræðislegu samfélagi. Stjórnög unga fólksins eru gott dæmi um verkefni sem stuðlar beint að slíkri þátttöku í samfélagslegri umræðu og ákvarðanatöku.

Viðbrögð við myndböndunum hafa verið afar jákvæð. Í maí 2011 hafði þegar verið horft rúmlega 2000 sinnum á fyrsta myndbandið, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, auk þess sem horft hafði verið 400-700 sinnum á hin myndböndin fimm. Fastlega má síðan reikna með því að áhorf aukist mjög þegar nýtt skólaár hefst haustið 2011.

„Núna skil ég! Af hverju var þetta ekki útskýrt svona þegar maður var í grunnskóla? Vel gert!“
Athugasemd á YouTube

„Það er svo merkilegt hvað það gleymist oft að þeir fulltrúar sem stjórna Íslandi í dag voru eitt sinn börn og unglingar. Ég tala nú ekki um þegar fulltrúarnir gleyma því sjálfir.“
Upphleðsla á heimasíðu verkefnisins

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. (Aðalnámskrá grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, maí 2011. 2.1.3)

Þátttaka


16. apríl síðastliðinn var blásið til þings ungmennaráða um stjórnarskrána þar sem fulltrúar frá nær öllum virkum ungmennaráðum landsins komu saman, horfðu á myndböndin og ræddu þau hugtök sem þar koma fram. Ungmennin sögðu sitt álit á núgildandi stjórnarskrá, ræddu um forgangsröðun, breytingar og umbætur, skiptust á skoðunum og lögðu fram hugmyndir og tillögur í tilefni fyrirhugaðrar endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins. Umræðurnar voru líflegar og fulltrúar þingsins mjög virkir. Fulltrúum stjórnlagaráðs var boðið að hlýða á samantekt á niðurstöðum ungmennanna í lok dags og mætti rúmlega þriðjungur stjórnlagaráðsfulltrúa á þingið.

Stjórnlagaráð hefur þegar samþykkt tillögu í áfangaskjali sínu um að bæta málsgrein við ákvæðið sem snýr að börnum í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar; málsgreininni er ætlað að undirstrika rétt barna og ungmenna til þátttöku í samfélaginu í málum sem þau varða.

Úrvinnsla

Miklu skiptir að vinna vel úr þeim niðurstöðum og upplýsingum sem safnast, svo markmið verkefnisins náist og raddir ungmenna fái að hljóma sem víðast. Í skýrslu þessari eru kynntar niðurstöður ungmennapingsins. Einnig er ráðgert að vinna frekara kynningarefni úr upphleðslum á heimasíðu verkefnisins og viðbrögðum nemenda, auk þess sem verkefnið verður kynnt erlendis og reynslan nýtt til frekari þátttökuverkefna fyrir ungmenni.






FRAMKVÆMD UNGMENNAPINGSINS

Þátttakendur

Þegar kom að því að bjóða ungu fólki að taka þátt í þinginu var ákveðið að leita til ungmennaráða sveitarfélaganna, þar eð ungmennaráðin eru einu ráðin af slíkum toga sem tengjast lýðræðislega kjörnum einingum. Á Íslandi eru nú starfandi ungmennaráð í 23 sveitarfélögum. Öllum sveitarfélögum á landinu var boðið að senda fulltrúa. 42 þátttakendur voru skráðir á þingið; af þeim mættu 38 í lðnó þann 16. apríl. 23 stúlkur tóku þátt og 15 strákar. Alls sendu 19 sveitarfélög fulltrúa á ungmennapingið. Íbúar í þessum sveitarfélögum voru samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga alls 218.874, eða um tveir þriðju landsmanna. Því má segja að meirihluti íslenskra ungmenna hafi átt fulltrúa á þinginu.

Kynjaskipting




Sveitarfélög sem sendu fulltrúa á þingið:

Dalvík, Þingeyjarsveit, Ísafjörður, Ásahreppur, Eyjafjarðarsveit, Vogar, Norðurþing, Hafnarfjörður, Akranes, Akureyri, Árborg, Sandgerði, Fljótsdalshérað, Grundarfjörður, Ölfus, Hvalfjarðarsveit, Seltjarnarnes, Garðabær, Reykjavík.

Íbúafjöldi 1. des. 2010:

Garðabær	10.909
Hafnarfjörður	26.099
Reykjavík	118.898
Seltjarnarnes	4.320
Vogar	1.161
Sandgerði	1.683
Akranes	6.623
Hvalfjarðarsveit	617
Grundarfjörður	903
Ísafjörður	3.824
Akureyri	17.754
Dalvík	1.960
Eyjafjarðarsveit	1.025
Norðurþing	2.905
Þingeyjarsveit	944
Fljótshálsa	3.401
Ásahreppur	194
Sveitfélagið Árborg	7.827
Sveitfélagið Ölfus	1.915

Alls: 218.874



Heimild: Heimisíða Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þess ber þó að geta að þar sem Reykjavík er langstærsta sveitarfélag landsins endurspeglar þingfulltrúar ekki hlutfallslega skiptingu landsmanna. Alls komu 14 þátttakendur frá Reykjavík og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, en 24 fulltrúar komu annars staðar að. Líklegt má telja að þessi skipting hafi haft einhver áhrif á umræður og niðurstöður þingsins, og hana ber því að hafa í huga við lestur skýrslunnar.

Ákveðið var að bjóða fulltrúum frá Alþjóðatorgi ungmenna á þingið til að tryggja aðkomu ungmenna af erlendum uppruna, en því miður mætti enginn þaðan til leiks. Það er vissulega ókostur að ungmenni af erlendum uppruna skuli ekki hafa átt sér fulltrúa á stjórnlagabinginu. Þar kristallast ef til vill hversu erfitt getur verið að ná til þessa jaðarhóps og mætti hafa það í huga við framkvæmd svipaðra verkefna í framtíðinni. Draga má þann lærdóm af reynslu skipuleggjenda þingsins að sérstakar ráðstafanir verði að gera til að virkja rödd þessara ungmenna og gæta þess að þau séu þátttakendur í lýðræðislegum verkefnum til jafns við önnur ungmenni.

UNGMENNAÞINGIÐ 16. APRÍL

Ungmennanæing um stjórnarskrána fór fram í lðnó laugardaginn 16. apríl 2011. Þingfulltrúum var skipt í sex 7 manna hópa en auk þeirra var á hverju borði borðstjóri og ritari. Borðstjórar voru flestir á aldrinum 19-20 ára og höfðu áður setið í ungmennaráði. Fyrir þingið sóttu þeir fundi með verkefnastjórum þar sem farið var yfir spurningarnar,

horft á myndböndin og fyrirkomulagið rætt ítarlega. Borðstjórum var uppálagt að vera ekki of leiðandi í umræðum og gæta þess að leyfa þingfulltrúum að tjá skoðanir sínar án of mikilla inngripa. Ritarar fengu þau fyrirmæli að vera hlutlausir aðilar og taka ekki beinan þátt í umræðunum heldur skrifa einfaldlega niður það sem fram fór við borðið og halda skipulega utan um þær upplýsingar sem frá viðkomandi hóp komu.

Þingforseti var Snorri Hallsson, 21 árs, fyrrverandi Reykjavíkurráðsmeðlimur, sem auk þess hefur bæði starfað að verkefnum hjá umboðsmanni barna og UNICEF. Umræðurnar voru skipulagðar út frá myndböndunum sex. Í kjölfar hvers myndbands var efni þess rætt út frá fyrirfram ákveðnum spurningum og gefinn hæfilegur tími til umræðna hverju sinni. Haft var að leiðarljósi að spurningarnar gæfu færi á opnum, líflegum umræðum sem þó væru markvissar. Hver borðstjóri leiddi sinn hóp í gegnum spurningarnar og hvatti til skoðanaskipta. Þingfulltrúar tóku afar virkan þátt í umræðunum og þrátt fyrir að fram kæmu ólík sjónarmið og ýmis málefni reyndust umdeild var eftir því tekið á hversu jákvæðum nótum fulltrúarnir skiptust á skoðunum; virðing fyrir viðhorfum annarra skein hvarvetna í gegn.

Að umræðum loknum tóku borðstjórar í samvinnu við ritara saman helstu niðurstöður hvers hóps. Í lok dags var þeim sem sitja í stjórnlagaráði boðið að hlýða á samantekt á niðurstöðum þingsins. Ríflega þriðjungur fulltrúa í stjórnlagaráði mætti til að heyra tillögur ungmennanna. Eftir að þingforseti hafði boðið gesti velkomna kynntu borðstjórar í stuttu máli niðurstöður síns hóps.

UM UNGMENNARÁÐ

Í 11. grein nýrra æskulýðslaga frá 2007 er kveðið á um að sveitarstjórnir hlutist til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Þessi grein æskulýðslaganna endurspeglar 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Með lýðræðislegu uppeldi eru ungmenni þjálfuð í að taka sjálfstæðar ákvarðanir, taka afleiðingum þeirra og temja sér víðsýni og gagnrýna hugsun. Þannig er unnt að skapa sterka samfélagslega vitund. Áherslan er á virkni, þátttöku og ábyrgð.

Tilgangur

Tilgangur ungmennaráðanna er að þeir sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í samfélaginu þótt þeir hafi ekki kosningarétt. Starfsemi ungmennaráða gefur unglíngum tækifæri á að láta í sér heyra og vinna að málefnum ungs fólks.

Markmið

Að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfa sig í slíkum vinnubrögðum.

Niðurstöður þings ungmennaráða:

HVAÐ ER STJÓRNARSKRÁ?

- ▶ **Þarf að breyta stjórnarskránni?**
- ▶ **Hverjir eru kostir og gallar nógildandi stjórnarskrár?**

Í umræðum um fyrsta myndbandið og stjórnarskrána almennt kom fram sú eindregna afstaða að stjórnarskráin skipti verulegu máli; það væri okkur mikilvægt sem lýðræðislegu samfélagi að hafa grunnlög sem setja okkur samfélagslegan ramma og tryggja eðlilega dreifingu valdsins. Fulltrúar á þinginu töldu hlutverk stjórnarskrárinnar vera að halda utan um skipulag samfélagsins og tryggja jafnrétti og sanngirni í landinu, og nefndu meðal annars að hún ætti sérstaklega að fjalla um trúfrelsi, tjáningarfrelsi og réttinn til að mótmæla. Sú skoðun kom strax fram á fleiri en einu borði að mannréttindaákvæðin væru mikilvægasti hluti stjórnarskrárinnar og að í raun nægði mannréttindakaflinn einn og sér til að réttlæta tilvist hennar. Einn fulltrúanna orðaði það sem svo að þrátt fyrir að hann hefði ekki sjálfur þurft að leita í stjórnarskrána til að sækja rétt sinn þætti honum gott til þess að vita að sá möguleiki væri fyrir hendi og að til væru grunnlög sem tryggðu og verðu rétt okkar allra.

Að grunninum til þótti flestum þingfulltrúum stjórnarskráin nokkuð vel úr garði gerð og margir töluðu fyrir endurskoðun, lagfæringum og smávægilegum umbótum fremur en róttækum breytingum. Bent var á að íslenska stjórnarskráin væri í stórum dráttum svipuð stjórnarskrám annarra lýðræðislanda. Þó sköpuðust þónokkrar umræður um að hún byggði á ríkjandi hugmyndum og viðmiðum þess tíma þegar hún var sett saman, og á þinginu kom fram skýr afstaða þess efnis að endurskoðun væri tímabær og stjórnarskrána þyrfti að uppfæra og gera nútímalegri, sér í lagi hvað orðalag varðaði. Hún þyrfti að vera snörp, vel uppsett og skiljanleg öllum, þar á meðal ungu fólki. Þannig væri aðgengi þjóðarinnar að stjórnarskránni betur tryggt.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Stjórnarskráin er mikilvægur samfélagslegur rammi
- ▶ Stjórnarskráin tryggir dreifingu valds
- ▶ Stjórnarskráin tryggir rétt okkar
- ▶ Stjórnarskráin skal tryggja jafnrétti, sanngirni og frelsi
- ▶ Mannréttindakaflinn er mikilvægasti þáttur stjórnarskrárinnar
- ▶ Stjórnarskrána þarf að endurskoða og uppfæra til móts við nútímann
- ▶ Stjórnarskráin sé aðgengileg, skiljanleg og vel uppsett
- ▶ Stjórnarskráin sé á skýrri nútímaíslensku

Tryggja reglulega endurskoðun stjórnarskrárinnar með ákvæði sem gerði endurskoðun lögbundna á ákveðið margra ára fresti.

Hægt væri að búa til einfaldari útgáfu af stjórnarskránni sem væri mjög aðgengileg og mætti til dæmis skoða á netinu.

„Stjórnarskráin er leiðarvísir fyrir landið.“

„Stjórnarskrá gefur okkur grunnreglur til að fara eftir í samfélaginu.“

FORSETI ÍSLANDS

- ▶ Er nauðsynlegt að hafa þjóðhöfðingja?
- ▶ Hvernig þjóðhöfðingja vilt þú hafa?
- ▶ Þarf að breyta hlutverki forseta Íslands og þá hvernig?
- ▶ Hverjir eru kostir og gallar á núgildandi fyrirkomulagi?



Í niðurstöðum allra hópa kom fram sú skoðun að lýðveldinu væri nauðsynlegt að hafa þjóðhöfðingja. Fyrir því voru færð ýmis rök; forsetinn sé andlit þjóðarinnar úti í heimi og sjái um samskipti okkar við erlendar þjóðir, hann geti verið sameiningartákn og leiki einnig mikilvægt öryggishlutverk í stjórnkerfi landsins. Rætt var um annars konar fyrirkomulag varðandi val á þjóðhöfðingja og hlutverk hans – til dæmis þingbundna konungsstjórn og einræði – og voru þingfulltrúar sammála um að eðlilegra og lýðræðislegra væri að við kysum okkur sjálf þjóðhöfðingja og að völd hans væru takmörkuð. Margir bentu á að sú hugmynd að völd gætu gengið í erfðir væri ósamræmanleg lýðræðissamfélagi. Líkt og í umræðu um önnur atriði kom ítrekað fram að fulltrúalýðræði með þjóðkjörnum þjóðhöfðingja væri ákjósanlegt fyrirkomulag til framtíðar.

Þau gildi sem oftast voru nefnd þegar rætt var um góðan forseta voru heiðarleiki, menntun, óflekkað mannorð, lífsreynsla og sýnileiki. Þjóðhöfðingi skuli vera venjuleg manneskja og góð fyrirmynd, og geta átt góð samskipti við fólk hér á landi sem og erlendis.

Í tveimur hópum urðu talsverðar umræður um aldursviðmið í forsetaframboði og hvers vegna miðað væri við 35 ára aldur, en eftir að hafa rökrætt málið voru flestir sammála um að aldurstakmark væri skynsamlegt þar eð forseti þyrfti að hafa aflað sér nægilegrar lífsreynslu og menntunar, auk þess sem máli skipti að hann nyti virðingar erlendis.

Völd forsetans voru rædd fram og til baka án þess að einföld eða eindregin niðurstaða kæmi í ljós. Skiptar skoðanir voru um það hversu pólitískur forseti ætti að vera; flestir óttuðust að yrði embættið gert mjög pólitískt fengi ein manneskja óeðlilega mikil völd. Talað var um að forseti ætti að vera hlutlaus í þeim skilningi að hann gæti skoðað málin frá öllum hliðum án þess að taka sjálfur afstöðu með tiltekinni fylkingu. Almenn ríkti ánægja með neitunarvald forseta og að hann skuli geta gripið inn í mál og vísað þeim til þjóðarinnar. Þannig sé komið í veg fyrir að Alþingi verði of valdamikið. Aftur á móti vildu margir setja skýrari reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur, sérstaklega með hliðsjón af gríðarlegum kostnaði.

Í einum hópnum varð þátttakendum tíðrætt um hefðir og lög. Þeim þótti mikilvægt að lögin ein væru grundvöllur athafna forsetans en ekki hefð eða fordæmi fyrri forseta. Því ætti að skilgreina hlutverk forsetans skýrt í stjórnarskránni og hann síðan að fara nákvæmlega eftir þeim ramma. Ef tiltekin völd væru ekki nýtt þyrfti að spyrja sig hvers vegna þau séu til staðar og hvort þeirra sé í raun og veru þörf.

Lagt var til að lágmarksfjöldi meðmælenda yrði hækkaður, t.d. í 5000 manns, enda hefði landsmönnum fjölgað síðan stjórnarskráin var sett saman og því væri eðlilegt að stærra úrtak þyrfti til að bjóða sig fram.

Þingfulltrúum þótti óeðlilegt að sitjandi forseti gæti verið sjálfkjörinn ef mótframboð vantaði. Fram komu tillögur um að efna skyldi til kosninga og krefjast ákveðins hlutfalls af greiddum atkvæðum til að forseti næði endurkjöri.

Niðurstaða flestra hópa var sú að takmarka ætti embættistíma forseta. Þó fylgdi máli að ef lögum væri breytt þannig að ávallt þyrfti að efna til kosninga þótt ekkert mótframboð bærisk þyrfti ef til vill ekki að bæta inn ákvæði um hámarkssetu.

Völd forseta til að náða fólk þóttu óeðlileg og ekki samræmast grunngildum lýðræðis-þjóðfélags. Ýmsir minntust á að forsetaembættið eins og það er skilgreint í núgildandi stjórnarskrá væri of keimlíkt embætti konungs, sem sennilega mætti rekja til uppruna stjórnarskrárinnar. Það þyrfti að færa það til móts við nútímann og lýðræðisleg viðmið.

Það var afdráttarlaus skoðun þingsins að forsetaembættið væri alls ekki nógu sýnilegt. Fulltrúar vildu fá að vita meira um störf forseta og hlutverk hans; þeir vildu til dæmis fá ítarlegri upplýsingar um ferðir hans og tilgang þeirra. Almenn voru fulltrúar á þinginu jákvæðir í garð forsetaembættisins en fannst það ekki í nægilegum tengslum við þjóðina, sér í lagi yngri kynslóðina.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Þjóðhöfðingi er nauðsynlegur sem andlit þjóðarinnar, sameiningartákn og samskiptaaðili við erlendar þjóðir
- ▶ Forsetaembættið er eðlilegt fyrirkomulag í lýðræðislegu samfélagi
- ▶ Forseti skal vera þjóðkjörinn
- ▶ Forseti skal vera heiðarlegur, vel menntaður og góð fyrirmynd
- ▶ Forseti skal vera sýnilegur og í góðum tengslum við þjóðina
- ▶ Neitunarvald forsetans er mikilvægt öryggistæki í stjórnkerfi landsins
- ▶ Auka ætti lágmarksfjölda meðmælenda í forsetakosningum
- ▶ Forseti má aldrei vera sjálfkjörinn; sitjandi forseti verður að hljóta ákveðið hlutfall greiddra atkvæða til að ná endurkjöri
- ▶ Taka má til athugunar að takmarka embættistíma forseta
- ▶ Forseti ætti ekki að hafa náðunarvald
- ▶ Forsetaembættið er alls ekki nógu sýnilegt

„Það mætti gera forsetann sýnilegri, við vitum ekkert hvað hann er að gera.“

„Það er leiðtogi í hverju landi – hann birtist alltaf í einhverri mynd og forsetaembættið er þá betri kostur en margt annað.“

Ef beita á neitunarvaldinu í meira mæli mætti breyta lögum þannig að við fyrstu neitun skjóti forseti málinu aftur til Alþingis; neiti hann í annað sinn fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þannig er hægt að gera lýðræðið virkara en takmarka kostnað sem hlýst af þjóðaratkvæðagreiðslum.

Forsetinn ætti að byrja að blogga eða tveeta svo yngri kynslóðir sjái meira af honum.

LÖGGJAFARVALD OG FRAMKVÆMDAVALD

► Ráðherrar, sem fara með framkvæmdavaldið, eru oftast líka Alþingismenn. Hverjir eru kostir þess og gallar?

Þingfulltrúum þótti það kostur að ráðherrar gætu sett sig vel inn í öll mál og verið hluti af umræðunni á Alþingi; það væri hagkvæmt vegna samskipta milli ráðherra og annarra þingmanna. Þannig væri tryggt að ráðherrar þekktu verklag Alþingis. Einnig þótti þeim mikilvægt að ráðherrar hefðu lýðræðislegt umboð og væru kosnir af þjóðinni.

Hins vegar var einnig rætt um ýmsa galla á því fyrirkomulagi að ráðherrar sætu jafnframt á Alþingi. Sérstaklega var þar nefnt embætti innanríkisráðherra sem gæti samkvæmt núgildandi kerfi haft bein áhrif á dómsvaldið með skipun dómara. Tryggja þyrfti að þetta gerðist ekki og skerpa verulega á þrískiptingu valdsins. Ítök ráðherra á fleiri en einu stigi valdskiptingarinnar væru varasöm.

Mjög skiptar skoðanir voru um setu ráðherra á Alþingi, svo og atkvæðisrétt ráðherra í málum sem þeir sjálfir leggja fram. Sumir þátttakendur töldu það kost að ráðherrar gætu fylgt málum alla leið í gegnum kerfið, en aðrir vildu að afskiptum ráðherra af frumvörpum lyki þegar þeir legðu þau fram.

► Hvernig ætti að velja ráðherra?

Málefni ráðherra reyndust einna flóknasta umræðuefnið á þinginu; fram komu ólíkar skoðanir og sjónarmið, spurningunum var velt fram og til baka án þess að töfralausnir myndust eða fullkomið fyrirkomulag, en flestir voru þó fulltrúarnir sammála um að taka mætti núverandi fyrirkomulag til endurskoðunar og þá sérstaklega hvað varðar skipun ráðherra. Skýrt kom fram að ráðherrar ættu að hafa menntun og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki ætti að velja í embættið út frá vináttu, flokkspólítík eða klíkuskap, heldur ráða hæfa manneskju með viðeigandi þekkingu. Áhrif ráðherra séu mikil og því sé eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur til þeirra. Menntun skipti þar höfuðmáli, líkt og verið sé að ráða í hvert annað ábyrgðarstarf. Þingfulltrúum varð tíðrætt um fagmennsku – að fagleg sjónarmið eigi ávallt að ráða því hver fær ráðherraembætti og að viðkomandi hafi mikla yfirsýn og yfirgripsmikla kunnáttu á viðkomandi sviði.

Sumum þótti núverandi fyrirkomulag við val á ráðherrum duga ágætlega, en ýmsar hugmyndir að bættum vinnubrögðum skutu upp kollinum: Persónukosning í embætti meðfram alþingiskosningum, að stjórnmalaflokkarnir leggi fram ráðherralista fyrir kosningar eða að Alþingi kjósi um skipan faglegra ráðherra að alþingiskosningum loknum. Það sjónarmið heyrðist víða að fólkið í landinu ætti að fá að velja sér ráðherra án þess að flokkapólítík kæmi þar við sögu, en þegar málið var rætt frekar bentu þó ýmsir á að með alþingiskosningum væri formönnum flokka í meirihluta í raun veitt umboð til að skipa ríkisstjórn, og aðrir töldu óæskilegt að efna til kosninga um of margt – það væri flókið í framkvæmd, kostnaðarsamt og gæti snúist upp í vinsældakosningu. Fólki myndi ekki hafa tök eða áhuga á að kynna sér frambjóðendur nægilega vel og þar af leiðandi veldust ekki endilega þeir hæfustu til starfsins, auk þess sem ráðherrar yrðu að sjálfsögðu að hafa meirihluta þingsins á bak við sig. Það var engu að síður ríkjandi sjónarmið að kjósendur ættu að hafa meiri áhrif á skipan ráðherra en raunin er í dag.

Þar sem rætt var um faglega utanþingsráðherra voru fulltrúar jákvæðir í garð slíkra ráðninga, þótt uppi væru ólíkar skoðanir um hvernig skyldi standa að ráðningu þeirra.

Sumir vildu að meirihluti Alþingis skipaði fagráðherra en aðrir töldu mikilvægt að kjósendur fengju sjálfir að skera úr um ráðningu þeirra.

Einn hópur lagði fram tillögu þess efnis að ráðuneytum yrði fækkað. Á einu borði spunnust umræður um fjölda þingmanna og hvort þeir væru ekki hlutfallslega of margir miðað við önnur lýðræðisríki. Lagt var til að fjöldi þingmanna yrði lækkaður, en þó þannig að þess væri gætt að þingmenn væru nógu margir til að endurspeglja fjölbreytileika þjóðfélagsins.

► **Aðeins þeir sem fara með ríkisvald geta tekið ákvarðanir sem binda íslensku þjóðina. Ætti að vera hægt að leyfa öðrum að taka ákvarðanir fyrir Ísland, t.d. alþjóðlegum stofnunum, ríkjum eða ríkjasamböndum?**

Þegar þessi spurning var tekin til athugunar varð aðild að Evrópusambandinu fljótt miðpunktur umræðna hjá öllum hópum. Skýr meirihluti þingfulltrúa var á móti því að Ísland gengi inn í ESB eða sambærilegt ríkjasamband, þar eð við myndum með því afsala okkur ákvörðunarrétti um eigin málefni og bindast hagsmunum sem ef til vill ættu ekki við á Íslandi. Framsal á ákvörðunarvaldi væri háskalegt fyrir þjóðina.

Einhverjir óttuðust að ákvarðanir yrðu teknar af aðilum sem ekki þekktu aðstæður á Íslandi nægilega vel; við séum lítil þjóð sem eigi ekki endilega samleið með stærri þjóðum. Sjálfstæði landsins skipti miklu og því megi ekki fórna. Rætt var um að við inngöngu í ESB gætu lög sambandsins orðið æðri okkar eigin lögum og stjórnarskrá lýðveldisins, en á Íslandi ættu engin lög að vera æðri stjórnarskránni – annars sé hún marklaust plagg. Margir minntust á auðlindamál og að þeim fyndist auðlindirnar eiga að vera í umsjá og eigu íslensku þjóðarinnar. Dregið var í efa að Ísland hefði áfram full yfirráð yfir auðlindum sínum ef landið gengi í stórt ríkjasamband. Einn fulltrúi benti á að við hefðum barist fyrir fiskveiðilögsögunni og taldi ólíklegt að við fengjum að halda sömu fiskveiðiréttindum við inngöngu í Evrópusambandið.

Þó komu einnig fram önnur sjónarmið; meðal annars heyrðust þær raddir að við yrðum að vera opin fyrir að taka við ráðleggingum og jákvæðum áhrifum annars staðar að. Það væri gott að geta leitað til alþjóðastofnana og annarra ríkja, án þess þó að láta taka endanlega ákvörðun fyrir okkur. Bent var á að ekki væri sama hvaða lög væru við lýði hjá viðkomandi ríkjasambandi eða alþjóðastofnun, og það þyrfti að vega og meta í hverju tilviki fyrir sig. Það gæti einnig verið hagkvæmt fyrir Ísland af viðskiptalegum ástæðum að vera aðili að slíku sambandi, og var EES-samningurinn nefndur sem dæmi um vel heppnað samstarf.

Einn hópur taldi skynsamlegast að mannréttindamál lytu sameiginlegum lögum í öllum ríkjum en önnur mál réðust af okkar eigin afstöðu, ekki afstöðu annarra ríkja.

Samhljóma álit hópanna var að þjóðin ætti að hafa úrslitavaldið varðandi inngöngu í ESB og önnur ríkjasambönd. Miklu skipti að fá ítarlegar upplýsingar um samninga, hafa nægan umhugsunartíma og fá að kjósa um aðild.

„Þjóðin á að geta losað sig við ráðherra sem eru ekki að standa sig.“



„Ráðherraembættið ætti að vera meira eins og starf, mikilvægt starf þar sem ráðherrann þarf að hafa menntun og reynslu.“

„Það ætti að vera strangari kröfur í embætti ráðherra. Við erum ekki það fámenn að við þurfum að hafa dýralækni sem fjármálaráðherra.“

Flokkar setji upp formlega lista í kosningabaráttunni yfir það hverjir myndu stýra hvaða ráðuneyti, eða frambjóðendur gefi kost á sér í tiltekið ráðherraembætti verði flokkur þeirra aðili að ríkisstjórn. Þannig hefur almenningur meiri áhrif á skipun ráðherra.

Það ætti að auglýsa embætti ráðherra, svo myndu þingmenn og/eða flokkarnir velja úr hópi umsækjenda.

„Ef þjóðin er bundin einhverju sem er ekki hluti af lýðveldinu og hún getur ekki haft bein áhrif á, þá er í rauninni ekki lýðræði.“

Kannski ætti að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu því það er valdamesta embættið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Skerpa þarf á þrískiptingu valdsins og koma í veg fyrir að sömu aðilar hafi áhrif á ólíkum sviðum
- ▶ Mikilvægt er að ráðherrar hafi lýðræðislegt umboð til starfa
- ▶ Á því eru bæði kostir og gallar að ráðherrar sitji enn fremur á Alþingi
- ▶ Ráðherrar hafi menntun og reynslu á því sviði sem ráðuneyti þeirra annast
- ▶ Fagleg sjónarmið ráði við skipan ráðherra
- ▶ Vinskapur, flokkspólitískar ástæður og klíkuskapur liggi ekki á bak við skipan ráðherra
- ▶ Kjósendur hafi beinni áhrif á skipan ráðherra
- ▶ Íslenska ríkið framselji ekki ákvörðunarvald sitt til ríkjasambanda
- ▶ Auðlindir verði í eigu þjóðarinnar
- ▶ Ísland sé opið fyrir ráðleggingum, hugmyndum og jákvæðum áhrifum annars staðar að
- ▶ Þjóðin fái að taka endanlega ákvörðun um inngöngu í ESB

DÓMSVALD

► Er sjálfstæði dómstóla nægilega tryggt í stjórnarskránni?

► Hvernig á að velja dómara?

Málefni dómssvaldsins voru þau sem einna minnst umræða spannst um á þinginu; fulltrúar töluðu um að þeir þekktu lítið til málaflokksins og hefðu ekki orðið varir við áberandi umræðu um hann. Þó kom fram sú eindregna skoðun að dómstólar ættu að vera sjálfstæðir og stjórnarskráin yrði að tryggja að ekki væri hægt að hafa afskipti af störfum þeirra. Ýmsar hugmyndir voru nefndar til að koma í veg fyrir slíkt, til að mynda að Hæstiréttur sjálfur skipaði dómara, að forseti tæki að sér að staðfesta val fagráðs, eða að nefnd dómara fjallaði um ráðningar og skipaði nýja dómara í embætti. Þar sem rætt var um almennar kosningar í dómastöður leist fulltrúunum afar illa á slíkar hugmyndir og sögðu kosningarnar geta snúist upp í vinsældakosningar þar sem fagleg sjónarmið réðu ekki ferðinni, þrátt fyrir að einn benti á að dómskerfið ætti að vinna fyrir almenning og því væri eðlilegt að almenningur kæmi að skipan þeirra sem vinna í kerfinu. Þó heyrðust mun fleiri raddir þess efnis að almenningur hefði ekki forsendur til að meta hæfni dómara og fagfólk ætti alfarið að sjá um slíkt. Saman þyrfti að koma menntun og víðtæk reynsla af störfum tengdum lögfræði- og dómsmálum.

Einnig kom fram að fulltrúar á þinginu töldu kerfið bjóða upp á spillingu og klíkuskap. Innanríkisráðherra væri fengið of mikið vald með afskiptum sínum af skipan dómara. Hann gæti skipað dómara út frá pólitískum eða persónulegum sjónarmiðum. Hæfniskröfur ættu að vera skýrar og ófrávíkjanlegar. Lagt var til að stjórnarskráin útskýrði betur hvernig útfærslu á dómssvaldi skyldi hátað, ítrekaði þrískiptingu valdsins og skilgreindi dómssvaldið sem óháð ríkisstjórn og Alþingi.

Einn þingfulltrúi benti á að hlutleysi og sjálfstæði dómstóla væri nokkuð vel tryggt þar sem þeir þyrftu alltaf að framfylgja lögum, og landslög væru þannig sá rammi sem dómssvaldið yrði ávallt að starfa innan.

Þar sem annars konar dómskerfi barst í tal voru fulltrúar sammála um að kviðdómsfyrirkomulag myndi ekki ganga upp í svona litlu þjóðfélagi; of mikil hætta væri á klíkuskap og að persónuleg málefni lituðu niðurstöður.

Í flestum hópum fóru einnig af stað umræður um dómskerfið almennt; lengd dóma, plássleysi í fangelsum og viðbrögð samfélagsins við sakamálum. Yfirgnæfandi meirihluti taldi dóma í sakamálum yfirleitt of væga, sér í lagi þegar um alvarleg brot væri að ræða. Þar voru nauðgunar- og kynferðisafbrotamál sérstaklega nefnd, sem og lífstíðardómur fyrir morð sem fulltrúum fannst of vægur. Ungmennin höfðu áhyggjur af því að margdæmdir glæpamenn gætu gengið lausir og kæmust upp með að brjóta af sér hvað eftir annað án þess að dómskerfið gripi nægilega vel inn í. Einn fulltrúi taldi sennilegt að sökum smæðar samfélagsins ættu dómara erfiðara með að kveða upp harða dóma.

„Það ætti að framselja fanga til annarra landa en ekki ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar.“

Dómaranefnd ætti að meta og velja dómara eftir hæfni og reynslu.

Í stað ráðherra gæti forseti skipað dómara, því hann á að vera hlutlaus og óflokksbundinn. Þá myndi hann staðfesta tilnefningu fagráðs.


„Ef ráðherra fær einn að ráða er hætt á að menn velji eins og þeim hentar en ekki þann hæfasta.“

„Það ætti ekki að kjósa um skipan dómara, hvernig ættum við að geta metið það hverjir eru góðir dómara?“

„Fangelsisdómur á að vera betrunarvist, ekki refsing.“

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Stjórnarskráin skal kveða skýrt á um sjálfstæði dómstóla
- ▶ Dómsvaldið sé óháð Alþingi og ríkisstjórn
- ▶ Útfærsla dómskerfisins sé útskýrð nánar í stjórnarskránni
- ▶ Núverandi kerfi býður upp á spillingu
- ▶ Almennigur ætti ekki að kjósa um skipan dómara þar sem kosningin myndi snúast upp í vinsældakosningu
- ▶ Dómar í alvarlegum málum eru of vægir
- ▶ Dóma í nauðgunar-, kynferðisofbeldis- og morðmálum ber að herða
- ▶ Margdæmdir glæpamenn komist ekki upp með að brjóta af sér hvað eftir annað



KOSNINGAR OG LÝÐRÆÐI

- ▶ Hverjir ættu að hafa kosningarétt?
- ▶ Er eðlilegt að miða við 18 ára aldur?

Mikill meirihluti þingfulltrúa var sammála um að 18 ára aldur væri eðlilegt viðmið til að öðlast kosningarétt. Enginn vildi lækka kosningaaldur en jafnvel heyrðust raddir þess eðlis að rétt væri að hækka mörkin upp í tvítugt. Ákveðnum þroska þyrfti að vera náð áður en hægt væri að mynda sér upplýsta skoðun og ganga til kosninga með eigin afstöðu. Undir 18 ára aldri vantaði talsvert upp á þroska og getu til að taka ábyrga ákvörðun af þessu tagi. Margir bentu á að sjálfræði fengist við 18 ára aldur og því væri eðlilegt að þetta tvennt héldist í hendur.

Í niðurstöðum nokkurra hópa var raunar ítrekað að samræma þyrfti sjálfræðisaldur, kosningarétt, rétt til áfengiskaupa og réttinn á að ganga í hjónaband. Verulega aðfinnsluvert þótti að þetta færi ekki allt saman, hvort sem miðað yrði á endanum við tvítugt eða 18 ára aldur. Þingfulltrúar hvöttu eindregið til endurskoðunar á þessu misræmi.

Um það var rætt að mörg ungmenni nýttu sér ekki kosningaréttinn vegna þess að þau hefðu enn ekki myndað sér skoðanir á stjórnámálum, eða tækju ekki sjálfstæða ákvörðun heldur kysu einfaldlega það sem foreldrarnir kjósa. Þó bentu aðrir á að margir nenntu aldrei að rækta með sér pólitíska hugsun og þá skipti aldurinn ekki mestu; til væru mjög pólitískir 16 ára unglingar á meðan margt eldra fólk væri skeytingarlaust um stjórnámál og þjóðfélagsmál. Í einum hópnum var í kjölfarið velt upp þeirri spurningu hvort ástæðan gæti verið sú að samfélagið gæfi okkur ekki nógu góðan grundvöll til að rækta skoðanir okkar. Öflugri fræðslu þyrfti og meiri hvatningu til þátttöku í þjóðfélagsumræðu.

Þrátt fyrir að enginn hljómgrunnur væri fyrir lækkun á kosningaaldri kom fram eindreginn vilji ungmennanna til að hafa meiri áhrif á þjóðfélagsleg málefni. Þeim þótti mikilvægt að fá að segja sína skoðun og fannst ekki nægilegur vettvangur til þess í samfélaginu; þess vegna gleymdist oft að hlusta á skoðanir unga fólksins. Rödd þeirra ætti að fá að heyrast og utan um það yrði að halda skipulega og markvisst. Mikil ánægja var með þing ungmennaráða og fulltrúar lýstu því sem góðum vettvangi til að hafa áhrif. Halda ætti svipaðan atburð árlega og kalla saman ungt fólk af öllu landinu til að skiptast á skoðunum, leggja fram tillögur og vera sýnilegt afl. Aldurshópurinn sem sat þingið þótti vel valinn; þau væru einmitt á þeim aldri þegar maður byrjar að átta sig á stjórnámálum og sýna þeim áhuga.

Einnig voru ungmennaráð sveitarfélaga nefnd sem góður vettvangur til að koma skoðunum og viðhorfum á framfæri. Fulltrúar vildu virkja ungmennaráðin betur og nota þau á markvissan hátt í málefnum sem varða ungmenni. Tillögur voru lagðar fram um stofnun Ungmennaráðs Íslands, sem myndi koma að ákvarðanatöku og umræðu varðandi málefni sem snerta ungt fólk; jafnvel væri hægt að boða til kosninga á vegum ráðsins eða veita undanþágu frá kosningaaldri í sérstökum málum er varða ungmenni.

- ▶ **Hvernig ætti að velja þingmenn?**
- ▶ **Nú er landinu skipt upp í kjördæmi og einstaklingar kjósa því þingmenn sem bjóða sig fram á þeirra svæði. Hverjir eru kostir þess og gallar?**
- ▶ **Hvernig ætti kosning að vera?**

Um fyrirkomulag kosninga voru mjög skiptar skoðanir meðal ungmennanna. Upp var velt ýmsum möguleikum og kostir þeirra sem og gallar ræddir fram og til baka. Hluti þingfulltrúa var nokkuð ánægður með núgildandi fyrirkomulag; bent var á að með þátttöku í forvali innan flokkanna hefðu kjósendur möguleika á að hafa áhrif á uppröðun frambjóðenda þannig að innanflokkapólitík réði ekki öllu. Einnig væri hægt að beita útstrikunum þegar í kjörklefann er komið. Hins vegar voru aðrir á þeirri skoðun að kjósendur hefðu ekki nægilega bein áhrif á það hverjir á endanum veljast á þing. Persónukjör var nefnt sem annar valkostur en þá yrðu frambjóðendur að kynna stefnumál sín ítarlega svo kjósendur viti fyrir hvað þeir standa. Lagt var til að þegar búið væri að mynda starfhæfa stjórn úr kjörnum þingmannahópi yrði forgangsraðað upp á nýtt og málefnaþinggerður. Í einum hópi var rætt um að setja fram ákveðnar hæfniskröfur til frambjóðenda ef um væri að ræða persónukjör; þá myndi hlutlaus nefnd meta hæfni þeirra út frá fyrirfram ákveðnum kröfum. Þó voru margir sem voru alfarið á móti persónukjöri og þótti það ólíklegt til að skila góðri niðurstöðu. Sem dæmi var nefnt að kostnaður við persónukjör til Alþingis yrði gríðarlega mikill, og að fólk myndi tæpast hafa fyrir því að kynna sér alla sem í framboði væru þannig að á endanum yrðu þeir kosnir sem fólk kannaðist við. Alþingiskosningar mættu ekki vera hrein vinsældakosning.

Einhverjir minntust á að margir kjósendur hefðu ekki nennt að kynna sér frambjóðendur til stjórnlagabings og því væri ólíklegt að sama fyrirkomulag væri nothæft við kosningar til Alþingis.

Þegar kom að kjördæmaskiptingu heyrðust einnig ólík sjónarmið. Einn hópur lagði fram eindregna tillögu þess efnis að landið yrði eitt kjördæmi og hvert atkvæði hefði sama vægi, og annar hópur tók í niðurstöðum sínum fram að núverandi kjördæmaskipan væri betri kostur. Í umræðum komu fram ýmis sjónarmið; einn þingfulltrúi hafði áhyggjur af því að yrði landinu breytt í eitt kjördæmi myndu reykvískir fulltrúar í raun fá meira vægi, þar sem þeir ættu staðsetningarinnar vegna auðveldara með að afla sér atkvæða. Nefnt var að ef meirihluti réði alltaf fengju þeir sem eru á jaðrinum ekki nægilegt vægi. Einn fulltrúi stakk upp á því að stjórnmalaflokkarnir veldu sér fulltrúa frá hverjum landshluta þannig að úr yrði jafnt hlutfall þeirra sem búa á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; síðan myndu landsmenn kjósa um þá lista og landið allt vera eitt kjördæmi. Sumum þótti mikilvægt að þingmenn kæmu frá sem flestum stöðum og gætu þannig varið hagsmuni síns sveitarfélags. Tillaga sem fékk góðan hljómgrunn í einum hópnum var þess efnis að reikna skyldi hlutfall íbúa í hverju kjördæmi og úthluta þingsætum í nákvæmu samræmi við fjöldann. Einn hópur tók sérstaklega fram að kjördæmaskipting tryggði meira jafnræði og betri dreifingu þingmanna, og á öðru borði var rætt um að tryggja skyldi ákveðna dreifingu þingmanna af öllu landinu.

Þingfulltrúum fannst afar neikvætt að flokksbundnir stjórnmalamenn skyldu ávallt hugsa eftir flokkslínunum og kjósa samkvæmt hefð eða ríkjandi flokkspólitík í stað þess að velja málunum fyrir sér af yfirvegun. Athugasemd var gerð við það í einum hópnum á þinginu að þingmenn skyldu færa sig á milli kjördæma til að hljóta kosningu. Þeir ættu að vera fulltrúar þess landsvæðis sem þeir bjóða sig fram á og hafa búið þar í ákveðinn tíma.

- **Hverjir eru kostir þess og gallar að vera með beinar þjóðaratkvæðagreiðslur?**
- **Ættu þær að vera oftar, sjaldnar eða jafnoft?**

Þrátt fyrir að ungmennin sem þátt tóku í þinginu væru almennt mjög ánægð með synjunarvald forseta og að hægt væri að blása til þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni leist yfirgnæfandi meirihluta illa á að hafa þær oftar en nú er raunin. Ýmis rök voru nefnd til stuðnings þeirri skoðun: Erfitt væri fyrir fólk að setja sig inn í stór og flókin mál, kostnaðurinn væri gífurlega mikill, snúid sé að koma greinargóðum upplýsingum á framfæri til allra landsmanna, og síðast en ekki síst nefndu margir að tilgangur fulltrúalýðræðis væri einmitt að einfalda ákvarðanatöku og koma í veg fyrir að þjóðin þyrfti að koma að beinni afgreiðslu allra mála. Fulltrúalýðræði væri hagkvæmasta fyrirkomulagið fyrir lýðveldi á borð við Ísland. Þjóðin kysi sér þingmenn og þar af leiðandi ætti meirihluti þingmanna að endurspegla meirihluta þjóðarinnar. Þingmenn væru kosnir til að setja sig inn í flókin málefni og það væri mun auðveldara fyrir þessa 63 kjörnu fulltrúa að mynda sér upplýsta skoðun en fyrir alla þjóðina. Nefnt var sem dæmi að margir hefðu ekkert vitað um hvað kosið var í nýafstöðum kosningum um Icesave-samninginn. Fulltrúar ítrekuðu þó að þrátt fyrir fulltrúalýðræðið mætti ekki gleymast að upplýsa þjóðina um þau mál sem Alþingi fjallar um. Það vantaði meira upplýsingaflæði og beinna samband milli þjóðar og þings.

Í einum hóp var rætt um ábyrgð fjölmiðla í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur. Fulltrúum þótti fjölmiðlar ekki sýna nægilegt hlutleysi og fannst það stór galli á þjóðaratkvæðagreiðslum hversu mikil áhrif fjölmiðlar hefðu. Tilteknir fjölmiðlar ættu það til að reka áróður fyrir ákveðnum málstað. Þá gætu kjósendur ekki tekið upplýsta ákvörðun.

Enn fremur var minnst á þá hættu að tíðari þjóðaratkvæðagreiðslur hefðu í för með sér minnkandi áhuga meðal almennings. Ef málum væri hvað eftir annað vísað til þjóðarinnar myndi fólk þreytast á þátttökunni og jafnvel hætta að mæta á kjörstað, auk þess sem það myndi líklega kynna sér málefnið verr. Í kjölfar þessarar umræðu bentu ýmsir aftur á að þegar fulltrúalýðræði er til staðar eigi ekki að þurfa að vísa málum oft til þjóðarinnar.

Fulltrúar höfðu áhyggjur af kostnaði við þjóðaratkvæðagreiðslur en fram komu hugmyndir um að hægt væri að draga úr honum með annars konar útfærslu en tíðkast í dag. Í nokkrum hópum var rætt um að nýta rafræna tækni við framkvæmd slíkra atkvæðagreiðslna, þrátt fyrir að fulltrúar sæju vissulega ýmis vandkvæði á því; til dæmis væri slík kosning enn ekki nægilega örugg og sumir hefðu ekki aðgang að netinu. Einnig var stungið upp á því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni meðfram almennum kosningum og draga þannig verulega úr kostnaði.

Kostir við þjóðaratkvæðagreiðslur voru einnig ræddir. Eins og áður hefur komið fram fannst fulltrúum á þinginu mikilvægt að hægt væri að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu og töldu hana lýðræðislegt öryggistæki sem stundum þyrfti að grípa til. Það væri einnig mikill kostur að þjóðin fengi tækifæri til að segja sína skoðun og hafa úrslitaáhrif á ákveðin málefni, sérstaklega í þeim málum sem eru umdeild og skipta þjóðina miklu máli. Þar var Icesave-samningurinn sérstaklega nefndur sem dæmi og einnig möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fulltrúi í einum hópnum tók fram að umræða um mikinn tilkostnað mætti ekki skyggja á þá staðreynd að bein þjóðaratkvæðagreiðsla sé mikilvægt lýðræðislegt tæki.

Í niðurstöðum flestra hópa kom fram sú skoðun að í stjórnarskrá ætti að vera ákvæði þess efnis að almenningur geti með ákveðnum fjölda undirskrifta, eða tilteknu hlutfalli af fjölda landsmanna, krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Hlutfallið þyrfti að vera nægilega hátt til að ekki væri of oft blásið til atkvæðagreiðslu en nógu lágt til að almenningur ætti raunhæfan möguleika á að knýja fram þjóðaratkvæði í mikilvægum málum. Nefndar voru ýmsar tölur en yfirleitt á bilinu 20-40% kjósenda.

Enn fremur vildu fulltrúar sjá nákvæmari fyrirmæli um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskránni, sérstaklega nú þegar tvisvar hefur verið gengið til slíkrar atkvæðagreiðslu á stuttum tíma.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Kosningaréttur miðist áfram við 18 ára aldur
- ▶ Samræma þarf kosningaaldur, sjálfræðisaldur, aldur til áfengiskaupa og giftingaraldur
- ▶ Skapaður verði markviss og skipulagður vettvangur þar sem ungmenni geta haft áhrif á samfélagið
- ▶ Ekki má gleymast að hlusta á raddir unga fólksins
- ▶ Stofnað verði Ungmennaráð Íslands sem myndi koma að ákvarðanatöku í málefnum er snerta ungt fólk
- ▶ Jafna verður atkvæðavægi
- ▶ Skiptar skoðanir voru um kjördæmaskipan og hlutfallslega skiptingu þingmanna eftir landshlutum
- ▶ Ákveðinn fjöldi eða hlutfallslegur fjöldi landsmanna geti með undirskriftum farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu
- ▶ Möguleikinn á að vísa málum til þjóðarinnar sé fyrir hendi en þjóðaratkvæðagreiðslur séu ekki of tíðar, vegna mikils kostnaðar og þess hversu erfitt er að tryggja að allir kjósendur séu nægilega vel upplýstir um viðkomandi mál
- ▶ Tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur myndu leiða til minnkandi áhuga almennings
- ▶ Aukið upplýsingaflæði vantar frá Alþingi og beinna samband milli þjóðar og þings
- ▶ Þjóðin fái að segja sína skoðun í umdeildum og mikilvægum málum sem varða þjóðarhag, til dæmis varðandi inngöngu í Evrópusambandið
- ▶ Nákvæmari fyrirmæli um útfærslu þjóðaratkvæðagreiðslu verði bundin í stjórnarskrá

„Það er þess virði upp á prinsippið að hafa beina þjóðaratkvæðagreiðslu þótt hún kosti mikið.“

„Það er ekki alltaf best að meirihlutinn ráði. Ef meirihlutinn myndi til dæmis ráða í íþróttum þá færu kannski allir peningarnir bara í fótbolta – hvað um jaðaríþróttir? Þær verða líka að hafa eitthvert vægi.“

„Stjórnarskráin tryggir ekki nægilega þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og ekki er gert neitt ráð fyrir því að þeir sem ekki hafa kosningaaldur geti með nokkru móti komið nálægt mótun samfélagsins.“

Á fót ætti að koma Ungmennaráði Íslands þar sem myndi sitja einn fulltrúi úr ungmennaráði hvers sveitarfélags.

„Það ætti að vera tryggt í stjórnarskrá að þeir sem ekki hafa náð kosningaaldri geti samt sem áður komið skoðunum sínum á framfæri á opinberum vettvangi.“

„Það ætti að vera auðveldara að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskriftum ákveðins hlutfalls kjósenda.“

MANNRÉTTINDI

► Eru mannréttindi nægilega tryggð í íslensku stjórnarskránni?

► Vantar eitthvað í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar?

Í málflutningi ungmennanna sem tóku þátt í stjórnlagabæturinu kom skýrt fram að þeim þætti mannréttindakaflinn mikilvægasti kafli stjórnarskrárinnar og að stjórnarskránni bæri að tryggja öllum jafnan rétt. Þarna sé fjallað um grunnréttindi allra manna – réttinn til frelsis og lífs. Almennt ríkti talsverð ánægja með mannréttindaákvæðin. Engu að síður þótti þingfulltrúum eðlilegt að sérstaklega væri minnst á réttindi óháð kynhneigð og fötlun, sem þótti vanta í upptalninguna. Líka var nefnt að sérstakt ákvæði vantaði um jafnan rétt kynjanna svo ekki væri hægt að mismuna kynjunum á vinnumarkaði og annars staðar; efla þyrfti Jafnréttisstofu og marka skýrari stefnu í jafnréttismálum. Fulltrúar bentu enn fremur á að tryggja þyrfti réttindi Íslendinga af erlendum uppruna. Aftur á móti kom það sjónarmið fram hjá einum hópnum að best væri að taka út upptalningu á sérstökum hópum, einfalda orðalagið og tala þess í stað um allar manneskjur; ekki þyrfti frekari skilgreiningar til viðbótar.

Mikilvægt þótti að mannréttindaákvæðin væru skýr og afdráttarlaus, og að um þau ríkti almenn sátt í samfélaginu.

Þegar spurt var hvaða réttindi væru mikilvægust voru algengustu svörin jafnrétti og tjáningarfrelsi, þó með þeim skilyrðum að tjáningarfrelsi mætti aldrei skerða mannréttindi annarra. Aldrei mætti beita tjáningarfrelsinu til að níðast á öðrum. Hver og einn yrði að bera ábyrgð á því sem hann eða hún segir. Sem dæmi var nefnt að grípa mætti inn í rétt fjölmiðla til tjáningarfrelsis ef nafnbirting á manneskju sem grunuð er um glæp getur leitt til mannorðsmissis áður en búið er að dæma í málinu. Almennt þótti þingfulltrúum tjáningarfrelsi vel tryggt á Íslandi.

Atvinnufrelsi og réttur á félagslegri aðstoð voru einnig nefnd sem dæmi um grundvallarmannréttindi hversrar manneskju í samfélagi okkar. Réttindi barna til að tjá sig þyrfti enn fremur að tryggja; rödd þeirra þyrfti að heyrast og þeim skuli tryggð virk þátttaka í lýðræðisþjóðfélagi.

Auðlindamál voru tekin til sérstakrar umræðu undir mannréttindaliðnum. Í máli þátttakenda kom fram að betur þyrfti að huga að umhverfismálum í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það þyrfti að skerpa á boðum og bönnum svo að ljóst lægi fyrir hvernig mætti nýta auðlindir. Almennigur ætti auk þess að hafa meira að segja um auðlindamálin og ekki ætti að vera hægt að selja auðlindir eða landsvæði án samþykkis þjóðarinnar. Auðlindirnar og landið séu sameign okkar allra og hana verði að nýta skynsamlega. Þjóðarauðlindir megji ekki komast í eigu einstaklinga eða fyrirtækja. Talað var sérstaklega um staði sem hafa tilfinningalegt gildi, til dæmis Esjuna, Þingvelli og Gullfoss. Mörk nýtingarréttar á landi þyrftu að vera skýr. Nokkrir fulltrúar tóku fram að eðlilegt væri að virkja landið að einhverju marki en um það þyrftu að gilda strangar og rökréttar reglur.

Í einum hópnum mynduðust umræður um álframléiðslu Íslendinga, en hópnum þótti neikvætt hversu mikil áhersla hefði verið á þennan eina iðnað. Það væri ekki skynsamlegt að binda sig um of tilteknum iðnaði. Nefnt var sem dæmi að ef álverð í heiminum félli væri mikið í húfi fyrir Ísland vegna mikilla umsvifa í áliðnaði.

Á þeim borðum þar sem sérstaklega var rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið heyrðust ýmsar skoðanir, meðal annars sú að ekki ætti að vera heimilt að selja kvóta úr byggðalagi. Sjávarútvegsráðherra ætti að skipta kvótanum jafnt milli landshluta og ekki ætti að vera hægt að framselja hann í hagnaðarskyni. Lagt var til að ríkið ætti kvótann en leigði hann út til skamms tíma.

► **Á Íslandi er þjóðkirkja, sem ríkið á að styðja og vernda. Hverjir eru kostir þess og gallar?**

Málefni þjóðkirkjunnar voru umdeild á þinginu og heyrðust bæði sjónarmið með og á móti núgildandi fyrirkomulagi. Í máli margra kom fram að óeðlilegt væri að skrá börn í trúfélag strax við fæðingu; það væru mannréttindi að fá sjálf að taka ákvörðun um skráningu í trúfélag þegar nægilegur þroski er fyrir hendi. Sjálfkrafa skráning í félag gæti ekki talist lýðræðisleg. Bent var á að ákvæði um þjóðkirkju samræmdist í raun ekki ákvæði um trúfrelsi, því þá væri einu trúfélagi haldið að fólki umfram önnur. Ríkið ætti þess í stað að styðja öll trúfélög jafnt. Einn fulltrúinn orðaði það sem svo að með því að halda úti þjóðkirkju væri í raun verið að segja að ekki sé rétt eða jafngott að vera í öðrum trúfélögum.

Einn hópur dró í efa að kirkjan gæti verið sjálfstætt afl þegar hún væri sérstaklega studd af ríkinu. Þar kom fram það sjónarmið að kirkjan ætti að vera sjálfstæð og ekki kallast þjóðkirkja.

Á einu borði var rætt um að þjóðkirkjan gæti verið sameiningartákn en að ekki væri þar með sagt að binda ætti núverandi fyrirkomulag í stjórnarskrá. Í öðrum hóp benti einn fulltrúi á að þjóðkirkjan og fulltrúar hennar gegndu ýmsum hlutverkum sem fólk áttaði sig ef til vill ekki á, til dæmis varðandi áfallahjálp, ráðgjöf og hjálparstarf. Á móti heyrðust þau rök að ef þjóðkirkjan yrði lögð niður myndi þjónustan einfaldlega færast til annarra fagaðila á borð við sálfræðinga og félagsþjónustu. Þó voru allir meðlimir hópsins sammála um að ef afnema ætti þjóðkirkjuákvæðið yrði að gera það að yfirveguðu máli og með góðum aðdraganda.

Eitt af þeim sjónarmiðum sem heyrðust í umræðu um þjóðkirkjuna var að ef ákveðin trúarbrögð hefðu sterka stöðu í landinu væru minni líkur á að stríð brytist út vegna trúarbragða. Þetta væri kostur við það fyrirkomulag sem nú er við lýði. Einnig var nefnt að ef þjóðkirkjuákvæðið yrði afnumið gæti það kallað á meiri áróður trúfélaga í stíl við bandaríska öfgahópa.

Aðrir töldu erfitt fyrir aðra trúarhópa að koma sér upp aðstöðu á landinu vegna þess að hér er þjóðkirkja. Það samræmdist ekki jafnréttishugmyndum. Sem dæmi var tekið að múslimar hefðu lengi beðið þess að fá að reisa mosku.

Einn fulltrúi benti á að minnihluti þjóðarinnar sækti kirkju að staðaldri og margir væru trúlausir; þess vegna væru þær háu fjárhæðir sem renna til kirkjunnar mjög illa nýtt fé sem ætti frekar að beina á svið þar sem þörfin er meiri.

Í tveimur hópum var það sameiginlegt álit að þjóðkirkjumálið væri ekki mesta áhersluatriðið að sinni, og ættu aðrir þættir stjórnarskrárinnar að ganga fyrir. Niðurstöður hópanna voru ólíkar; flestir vildu endurskoða fyrirkomulagið á yfirvegaðan hátt án þess að skýr tillaga lægi fyrir um úrlausn, einn hópur vildi að þjóðkirkjuákvæði yrði tekið úr stjórnarskrá og annar talaði fyrir því að ákvæðið stæði óbreytt. Óháð afstöðu til þjóðkirkjufyrirkomulagsins ítrekuðu allir hóparnir að trúfrelsi teldist til grundvallarmannréttinda og það skyldi tryggja í stjórnarskrá. Fulltrúar voru því mjög jákvæðir í garð trúfrelsisákvæðisins.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Mannréttindakaflinn er mikilvægasti kafli stjórnarskrárinnar
- ▶ Ítrekaður sé réttur fólks til lífs og frelsis óháð fötlun og kynhneigð
- ▶ Mörkuð verði skýrari stefna í jafnréttismálum
- ▶ Réttindi fólks af erlendum uppruna verði betur tryggð
- ▶ Jafnréttindi og tjáningarfrelsi eru mikilvægustu réttindi okkar
- ▶ Rétturinn til tjáningarfrelsis má aldrei skerða réttindi annarra
- ▶ Börnum sé tryggð þátttaka í lýðræðislegri umræðu
- ▶ Skerpt verði á umhverfis- og auðlindamálum í stjórnarskránni
- ▶ Auðlindirnar og landið eru sameign okkar allra
- ▶ Þjóðarauðlindir mega aldrei verða eign einstaklinga eða fyrirtækja
- ▶ Sjálfkrafa skráning í trúfélag verði afnumin enda samræmist hún ekki ákvæðum um trúfrelsi eða lýðræðislegum gildum
- ▶ Ekki var einhugur um þjóðkirkjufyrirkomulagið en fulltrúar mæltust þó til þess að það yrði tekið til vel ígrundaðrar endurskoðunar
- ▶ Trúfrelsisákvæðið er afar mikilvægt

Í stjórnarskránni ætti að tryggja hverri manneskju einn lítra af neysluvatni á dag.

„Flestir sem eru í þjóðkirkjunni hafa bara ekki nennt að skrá sig úr henni.“

„Þótt það standi að við höfum trúfrelsi er eins og sé verið að skipa manni í ákveðið lið.“

Ísland ætti að stofna landssjóð eins og Noregur er með, til að koma í veg fyrir annað hrún eins og árið 2008. Um hann ættu að gilda skýrar reglur og m.a. ætti ákveðið hlutfall þess ágóða sem kemur til af auðlindum landsins að renna í sjóðinn. Sjóðurinn væri þá trygging fyrir landsmenn.

„Trúfrelsi verður að tryggja í stjórnarskrá.“

„Eru mannréttindi að vera með búrku? Er mannréttindabrot að banna það?“

„Börn eiga að fá að velja það sjálf hvort þau skrá sig í þjóðkirkjuna þegar þau hafa nægilegan þroska.“

„Mannréttindi verða að vera skilgreind í stjórnarskrá, þannig að við getum sótt rétt okkar með öruggum hætti.“

„Þjóðin á fiskinn í sjónum, orkuna í jörðinni og fallvötnin.“

AÐRAR UMRÆÐUR

Í máli þingfulltrúa kom glögglega fram að þeim þætti fræðslu um stjórnarskrána mjög ábótavant. Fæstir höfðu verið kynntir fyrir öðru en einföldustu meginatriðum stjórnarskrárinnar áður en þeim var boðið að sitja þingið, en jákvætt þótti hversu mikil umræða færi nú fram í samfélaginu um stjórnarfar landsins í tilefni af fyrirhugaðri endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nokkrir fulltrúar sem stunduðu nám í framhaldsskóla sögðust nýverið hafa fengið kennslu í grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar, en bentu jafnframt á að alls ekki nægði að fræða nemendur á framhaldskólastigi – það færu ekki nærri því allir í bóknám eftir grunnskólann og tryggja yrði fræðslu fyrr svo hægt væri að ná til allra. Þá skipti mestu að gera efnið áhugavert og aðgengilegt.

Umræðan einskorðaðist þó ekki við ungt fólk heldur fannst fulltrúum að stjórnarskráin ætti að vera opin og aðgengileg öllum landsmönnum. Þess vegna væri mikilvægt að framsetning hennar væri sem skýrust.

Ungmennin töluðu mikið um að þau vildu taka virkan þátt í lýðræðislegri mótun samfélagsins; athyglisvert var að þar bar kosningar ekki hæst á góma heldur var rætt um þátttöku í þjóðfélagslegri umræðu, hópastarfi og innan menntakerfisins. Ungmennin vildu fá að koma að ákvarðanatöku, sérstaklega í málum sem snerta þau beint. Mikilvægt væri að almenningi yrði auðveldað að hafa áhrif og mynda sér skoðun. Ljóst má vera að í huga ungmennanna hefur lýðræði mun víðtækari merkingu en að ganga til kosninga á nokkurra ára fresti og velja sér fulltrúa. Þetta kallaðist á við talsverðar efasemdir um vinnubrögð Alþingis, þrátt fyrir að fulltrúalýðræðið þætti almennt ákjósanlegt fyrirkomulag; ófáir þátttakendur töluðu um að innanflokkapólitík og klíkuskapur væru alltof ráðandi á Íslandi og að alltof mikið af tíma þingmanna færi í ómálefnaleg rifrildi. Meira eftirlit þyrfti með störfum þingmanna og ráðherra. Um þá ættu að gilda sömu lög og reglur og aðra borgara. Skólaráð voru nefnd sem dæmi um vettvang þar sem fulltrúar úr ýmsum áttum með ólíkar skoðanir koma saman og þurfa að vinna að sameiginlegum markmiðum á jákvæðum forsendum. Þetta fannst þingfulltrúum að hlyti líka að vera hægt að gera á Alþingi Íslendinga.

Talsvert var rætt um að breyta fyrirkomulagi kosninga og nýta rafræna tækni til að lækka kostnað, til að mynda við þjóðaratkvæðagreiðslur og þá sérstaklega ef fyrir þeim myndaðist hefð. Ungmennin veltu bæði upp kostum og göllum við rafrænar kosningar; hægt væri að draga verulega úr kostnaði við framkvæmd atkvæðagreiðslna, þátttaka myndi ef til vill aukast og tækniframfarir hefðu verið það miklar síðustu ár að eflaust væri mögulegt að finna örugga og skilvirka leið til að greiða atkvæði rafrænt. Þó voru ýmsir sem drógu öryggi slíkra kosninga í efa, og aðrir minntust á að ekki hefðu allir aðgang að tölvu. Ekki mætti mismuna fólki á þann hátt.


Ítrekað kom fram í máli ungmennanna að þau teldu sig heppin að búa héraendis; hér væru lífsskilyrði barna og ungmenna betri en í flestum öðrum löndum og mannréttindi þeirra væru virt. Minnst var sérstaklega á aðgengi að vatni, góða næringu og friðsamlegt samfélag. Lýðræðislegt stjórnarfar væri mikils virði og að því yrði að hlúa.

„Allur tíminn á Alþingi fer í rifrildi milli flokka í stað þess að einbeita sér að því sem þarf að gera.“

Hvað með að fólk kjósi reglulega með fjarstýringu heima í stofu? Þá myndi hver eiga lítið tæki sem hægt væri að nýta sér til að tjá skoðun sína. Þannig yrði auðveldara að hafa áhrif.

Ungmennaráð sveitarfélaganna gætu tekið að sér að kynna sér stjórnarskrána ítarlega og fræða síðan önnur börn og ungmenni um efni hennar.

„Af hverju fá ekki allir nemendur stjórnarskrána í hendur? Við fáum Nýja testamentið gefins en ekki stjórnarskrá lýðveldisins Íslands!“



ÞAKKIR:

Þátttakendur á þingi ungmennaráða

Snorri Hallsson, þingforseti

Borðstjórar:

Áslaug Ellen Yngvadóttir, Halla Sif Svansdóttir, Ásgerður Heimisdóttir, Birna Guðmundsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Gunnar Ingi Magnússon, Hilma Rós Ómarsdóttir.

Ritarar:


Eðvald Stefán Einarsson, Einar Þ. Harðarson, Hrefna Guðmundsdóttir, Ásta Lára Jónsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Salka Guðmundsdóttir.

Forsætisráðuneytið


Stjórnlagaráð

Sérstakar þakkir fá:

Ungmennaráð UNICEF, ráðgjafahópur umboðsmanns barna, ungmennaráð Reykjavíkur







Reykjavíkurborg



UMBODSMÁÐUR BARNNA